



Alþingi - Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurtræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010
Mál nr. 1005013

Efni: Umsögn, frumvarp til laga um hvali, 590. mál

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva um frumvarp til laga um hvali, 590. mál.

Samtökin fagna því að veiðum á langreyði og hrefnum í atvinnuskyni sé haldið áfram. Íslendingum ber að gæta vel að rétti sínum til nýtingar hvalastofna við landið í samræmi við ákvæði Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna. Grundvallaratriði er að landsmönnum verði hvorki meinað að nýta auðlindir hafsins á sjálfbæran hátt, né að viðhalda jafnvægi milli tegunda. Sjálfbærar hvalveiðar í samræmi við tillögur Hafrannsóknarstofnunarinnar eru ekki einungis mikilvægur tekjustofn, heldur skipta þær einnig miklu máli varðandi möguleika okkar á að auka veiði á þorski, loðnu og öðrum nytjastofnum. Til lengri tíma litið er hér um að ræða tuga milljarða króna í útflutningstekjum á ári fyrir sjávarútveg í heild, til viðbótar þeirri verðmæta- og atvinnusköpun sem hvalveiðarnar færa okkur.

Þetta lagafrumvarp ber með sér ýmis skilyrði, takmarkanir og forsendur sem koma beint og óbeint í veg fyrir að hvalveiðar verði stundaðar hér við land með eðlilegum hætti. Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er almenna löggjöfin á þessu réttarsviði og eru lög nr. 26/1949, um hvalveiðar sérlæg. Lög um stjórn fiskveiða taka til nytjastofna á Íslandsmiðum, þ.m.t. sjávardýr sbr. 2. gr. laganna. Rétt væri að láta þau lög gilda með almennum hætti um hvalveiðar, enda starfsemi í kringum hvalveiðar um margt sambærileg og við fiskveiðar. Síðan ætti að setja sérákvæði eða reglugerðir til að ná utan um þau atriði sem lúta sérstaklega að hvölum og hvalveiðum eðli málsins samkvæmt.

Athugasemdir við nokkur efnisatriði frumvarpsins

1.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að veita leyfi til hvalveiða til tveggja ára í senn skv. 2. mgr. 8. gr. frvp. Jafnframt skulu öll leyfi gefin út skv. lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar falla úr gildi skv. 19. gr. frvp.



Í dag starfa aðilar við hvalveiðar og vinnslu með gild leyfi á grundvelli gildandi laga nr. 26/1949 um hvalveiðar. Með því að fella öll leyfi úr gildi með einfaldri lagabreytingu er verið að veða að réttindum aðila sem starfa í greininni. Hér er því um mögulega skaðabótaskylda aðgerð af hálfu ríkisvaldsins að ræða.

Meginreglan við stjórn fiskveiða er að úthluta aflahlutdeild til einstakra skipa. Frumvarpið gerir aftur á móti ráð fyrir að veitt skuli sérstök veiðileyfi til hvalveiða. Réttara væri að virða meginreglur laga um stjórn fiskveiða og ákveða aflahlutdeild og aflamark. Hvalveiðar eru sérhæfð atvinngrein og veiðar á stórhvölum kallar á umtalsverða fjárfestingu. Það er því mikilvægt að þeir sem veiðarnar stunda hafi traustan lagagrundvöll fyrir starfsemi sinni til lengri tíma, en þessum aðilum hefur með óréttmætum hætti verið haldið frá því að stunda atvinnu sína um tveggja áratuga skeið.

2.

Ráðherra skal að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar ákveða hvernig haga skuli hvalveiðum til næstu tveggja almanaksára skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Hér verður að benda á að í gildi er reglugerð nr. 58/2009 sem kveður á um að leyfilegur heildarafli á langreyði og hrefnu á árunum 2009-2013 skuli nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunarinnar. Samkvæmt gildandi lögum um hvalveiðar nr. 26/1949 og gildandi leyfum skv. þeim lögum þá liggur fyrir að heimilt er að veiða þessar hvalategundir til næstu fimm ára.

3.

Ný sérstök skylda er lögð á ráðherra í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins um að veita þeim sem vilja koma að athugasemdum við tillögur Hafrannsóknastofnunar. Hér er öllum, bæði erlendum og innlendum aðilum, veittur möguleiki á því að koma að athugasemdum sínum á framfæri við ráðherra, áður en hann tekur ákvörðun um hvalveiðar.

Til þessa hefur ekki staðið á ólíkum aðilum, alveg óháð lagaheimildum, að hafa skoðanir á tillögum Hafrannsóknarstofnunar og ráðherra sjávarútvegsmála um fiskveiðar og engin ástæða til að ætla að annað myndi eiga við um hvalveiðar. Þessi umsagnarheimild á aðeins við um aðra hvali en smáhvali skv. frumvarpinu og það eitt felur í sér ólögmdæta mismunun. Ákvæði um að lögbinda opna umsagnarheimild ber að fella úr frumvarpinu.

4.

Í 7. tl. 8. gr. frumvarpsins er Fiskistofu gefið opið mat á því hvaða „önnur atriði er máli skipta“ þurfi til viðbótar þeim sex tölulíðum 8. gr. frumvarpsins til útgáfu leyfis til hvalveiða. Þetta ákvæði felur í sér vafasamt framsal löggjafarvalds. Fiskistofu er í raun veitt alvald um það hvort skilyrðum 8. gr. frumvarpsins sé fullnægt eða ekki. Slíkt skilyrðislaust framsal er ólögmdætt og ber að fella út.



5.

Í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins er ráðherra veitt heimild til að setja reglugerð um vinnslu hvalaafurða og heimild til að setja reglur um hámarksnýtingu hvals. Eðlilegt er að settar séu almennar reglur um vinnslu hvalafurða eins og annarra matvæla sem fela í sér góða umgengni um það hráefni sem við á. Með því að veita ráðherra heimild til að setja sérstakar reglur um hámarksnýtingu hvals er of langt gengið í framsali valds til ráðherra og ber að taka út úr frumvarpinu.

6.

Í 15. gr. frumvarpsins er kærufrestur sagður einn mánuður, en hann á að vera þrjú mánuðir skv. stjórnssýslulögum nr. 37/1993.

7.

Í 19. gr. frumvarpsins eru öll leyfi sem hafa verið gefin út á grundvelli laga nr. 26/1949 felld úr gildi. Með þessu er verið að setja í uppnám starfsemi fyrirtækja sem starfa við þessar veiðar. Vandséð er hvernig skipuleggja eigi veiðar og vinnslu á næstu hvalvertíð með slíka óvissu í hendi. Löggjafanum ber skylda til að tryggja þeim aðilum þau réttindi sem þeir hafa áunnið sér og byggt lögmætar væntingar á.

Við leggjum til að frumvarpið verði endurskoðað í samræmi við ofangreint.

Friðrik J. Arngrímsson
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Guðbergur Rúnarsson
Samtök fiskvinnslustöðva